

Alþingi
Erindi nr. P 140/1544
komudagur 16.3.2012



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16.03.2012
Tilv. 2012/0307 - 0.3.01
PÁÁ


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt

Vísað er til tölvubréfs, dags. 8. mars 2012, þar sem Neytendastofu er sent til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998, með síðari breytingum, 490. mál.

Neytendastofa þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið og vill lýsa ánægju með það þar sem það muni hafa góð áhrif á neytendur og fjárhagslega hagsmuni þeirra.

Neytendastofa vill jafnframt benda á nauðsyn þess að fylgst verði með að lækkun virðisaukaskatts af barnafötum og nauðsynjavörum tengdum barnaupheldi skili sér til neytenda samþykki Alþingi slíka breytingu. Þegar virðisaukaskattur á matvöru var lækkaður þann 1. mars 2007 hafði viðskiptaráðherra samstarf við stofnanir á sviði verðkannana til að tryggja að hægt væri að fylgjast með því að lækkunin skilaði sér til neytenda. Í kjölfar þess gerði Neytendastofa verðkönnun hjá veitinga- og gistinguþjónustu fyrir lækkun virðisaukaskatts og aftur eftir lækkunina. Niðurstaðan var sú að ekki í öllum tilvikum skilaði lækkunin sér til neytenda. Stofnunin vill því hvetja til þess að verði frumvarpið að lögum verði einnig haft eftirlit með áhrifum lækkunar á fjárhag neytenda.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri